

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2026/250

2026/EES/36/32

frá 2. febrúar 2026

um leiðréttingu á reglugerð (ESB) 2024/3190 um notkun á bisfenóli A (BPA) og öðrum bisfenólum og bisfenólaflaíðum með samræmda flokkun að því er varðar tiltekna hættulega eiginleika í tiltekna efniviði og hluti sem er ætlað að komast í snertingu við matvæli, um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 10/2011 og um niðurfellingu á reglugerð (ESB) 2018/213 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1935/2004 frá 27. október 2004 um efni og hluti sem ætlað er að komast í snertingu við matvæli og niðurfellingu á tilskipunum 80/590/EBE og 89/109/EBE (1), einkum a-, h- og i-lið 1. mgr. 5. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/3190 (2) er mælt fyrir um reglur um notkun á bisfenóli A (BPA) og öðrum bisfenólum og bisfenólaflaíðum með samræmda flokkun að því er varðar tiltekna hættulega eiginleika í tiltekna efniviði og hluti sem er ætlað að komast í snertingu við matvæli.
- 2) Þessi reglugerð inniheldur tiltekið ósamræmi og villur sem er mikilvægt að leiðrétta til að tryggja rétta virkni reglugerðarinnar.
- 3) Í 3. gr. reglugerðar (ESB) 2024/3190 er tilvísunin til „bisfenóls A og salta þess“ í ósamræmi við skilgreininguna á bisfenóli sem mælt er fyrir um í c-lið 2. mgr. 2. gr. þeirrar reglugerðar, sem inniheldur saltform bisfenólsins, og við afganginn af textanum þar sem einfaldlega er vísað til bisfenóls A. Þess vegna ætti að fella orðin „og sölt þess“ brott úr 3. gr.
- 4) Markmiðið með 2. mgr. 3. gr. reglugerðar (ESB) 2024/3190 er að veita undanþágu frá banninu, sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 3. gr. þeirrar reglugerðar, við því að nota bisfenól A við framleiðslu á snertiefnum og snertihlutum matvæla sem um getur í 2. mgr. 1. gr. þeirrar reglugerðar og við því að setja slík snertiefni og snertihluti matvæla, sem eru framleidd með því að nota bisfenól A, á markað í Sambandinu. Af þessum sökum og vegna samræmis við 1. mgr. 3. gr. ætti í 2. mgr. 3. gr. einnig að vísa til setningar þessara snertiefna og snertihluta matvæla á markað í Sambandinu.
- 5) Markmiðið með 2. mgr. 9. gr. reglugerðar (ESB) 2024/3190 er að tryggja að viðeigandi greiningaraðferð sé notuð til að ákvarða hvort farið er að 4. gr. þeirrar reglugerðar. Þar eð tilvist „leifa bisfenóls A“ er bönnuð skv. 4. gr. ætti einnig að vísa til „leifa bisfenóls A“ í c-lið 2. mgr. 9. gr. þeirrar reglugerðar.
- 6) Eins og útskýrt er í 16. og 17. forsendu reglugerðar (ESB) 2024/3190 er markmiðið með 11. gr. þeirrar reglugerðar að kveða á um umbreytingarákvæði varðandi setningu einnota fullunninna snertihluta matvæla fyrst á markað. Þar eð í þessari 11. gr. er fyrir mistök einungis vísað til snertiefna matvæla sem sett eru á markað ætti að leiðrétta hana. Af ástæðum sem varða samræmi ætti einnig að leiðrétta 18. forsendu reglugerðar (ESB) 2024/3190.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L, 2026/250, 3.2.2026. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 123/2026 frá 30. apríl 2026 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjtið. ESB L 338, 13.11.2004, bls. 4, ELI: <http://data.europa.eu/eli/reg/2004/1935/oj>.

(2) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/3190 frá 19. desember 2024 um notkun á bisfenóli A (BPA) og öðrum bisfenólum og bisfenólaflaíðum með samræmda flokkun að því er varðar tiltekna hættulega eiginleika í tiltekna efniviði og hluti sem er ætlað að komast í snertingu við matvæli, um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 10/2011 og um niðurfellingu á reglugerð (ESB) 2018/213 (Stjtið. ESB L, 2024/3190, 31.12.2024, ELI: <http://data.europa.eu/eli/reg/2024/3190/oj>).

- 7) Markmiðið með 3. mgr. 12. gr. reglugerðar (ESB) 2024/3190 er að leyfa að margnota fullunnir snertihlutir matvæla sem voru fyrst settir á markað í samræmi við 1. og 2. mgr. þeirrar greinar séu áfram á markaði í að hámarki 12 mánuði til að gera fyrirtækjum kleift að koma þessum snertihlutum matvæla áfram til viðskiptavina eins og útskýrt er í 22. forsendu þeirrar reglugerðar. Þar eð lok umbreytingartímabilsins fyrir snertihluti matvæla í 1. mgr. eru önnur en lok umbreytingartímabilsins fyrir snertihluti matvæla í 2. mgr. gildir tilgreinda dagsetningin 20. janúar 2029 einungis um hluti sem eru fyrst settir á markað í samræmi við 2. mgr. Þess vegna ætti að setja fram viðbótardagsetningu, 20. júlí 2027, í 3. mgr. 12. gr. fyrir snertihluti matvæla sem um getur í 1. mgr. og eru fyrst settir á markað fyrir 20. júlí 2026.
- 8) Samkvæmt núverandi orðalagi í 3. lið III. viðauka við reglugerð (ESB) 2024/3190 er krafist upplýsinga um bæði snertimilliefni matvæla og fullunna snertihluti matvæla í samræmisýfirlýsingunni sem getur skapað vandamál fyrir rekstraraðila varðandi leynd upplýsinga. Eins og útskýrt er í 14. forsendu þeirrar reglugerðar er markmiðið þó að krefjast þess að auðkenni snertiefna og snertihluta matvæla fylgi þeim frá einu fyrirtæki til annars. Þess vegna ætti að leiðrétta orðalagið til að krefjast þess að getið sé um auðkenni snertimilliefnis matvæla eða fullunninna snertihluta matvæla sem samræmisýfirlýsingin er gefin út fyrir.
- 9) Því ætti að leiðrétta reglugerð (ESB) 2024/3190 til samræmis við það.
- 10) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fæður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Reglugerð (ESB) 2024/3190 er leiðrétt sem hér segir:

- 1) Í stað fjórða málsliðar 18. forsendu kemur eftirfarandi:

„Þess vegna þykir rétt, til að veita nægan tíma til að notkun þessara tegunda umbúða sé í viðskiptalegum tilgangi og til að koma í veg fyrir matarsóun, að leyfa að fullunnir snertihlutir matvæla, þar sem lökk og yfirborðsmeðferðarefni eru notuð sem eru framleidd með bisfenóli A, einkum í umbúðir sem eru notaðar til að rotverja ávexti, grænmeti og unnar fiskafurðir, séu fyrst settir á markað á 36 mánaða tímabili eftir gildistöku þessarar reglugerðar.“

- 2) Í stað 3. gr. kemur eftirfarandi:

„3. gr.

Bann við notkun bisfenóls A

1. Notkun bisfenóls A við framleiðslu á snertiefnum og snertihlutum matvæla, sem um getur í 2. mgr. 1. gr., og setning snertiefna og snertihluta matvæla, sem framleidd eru með notkun bisfenóls A, á markað í Sambandinu er bönnuð.

2. Þrátt fyrir 1. mgr. er heimilt að nota bisfenól A við framleiðslu á snertiefnum og snertihlutum matvæla til sértækrar notkunar og setning slíkra snertiefna og snertihluta matvæla á markað í Sambandinu er leyfð í samræmi við II. viðauka, með fyrirvara um takmarkanirnar sem mælt er fyrir um þar.“

- 3) Í stað 2. mgr. 9. gr. kemur eftirfarandi:

„2. Fyrir val á aðferðum, sem notaðar eru til að sannprófa að snertiefni eða snertihlutur matvæla innihaldi ekki leifar bisfenóls A, annað hættulegt bisfenól eða hættulega bisfenólafleiðu eða losi ekki þessi efni í matvæli yfir tilteknum greiningarmörkum eða sértækum flæðimörkum, gilda eftirfarandi viðbótarreglur:

- a) ef tilvísunarrannsóknarstofa Evrópusambandsins fyrir snertiefni matvæla hefur þróað eða mælt með aðferð skal nota þá aðferð,
- b) aðferð skal vera með 1 µg/kg greiningarmörk, nema önnur greiningarmörk séu sett fram í II. viðauka eða sem hluti aðferðarinnar sem mælt er með í samræmi við a-lið,

c) til að sannprófa að snertiefni eða snertihlutur matvæla innihaldi ekki leifar bisfenóls A, annað hættulegt bisfenól eða hættulega bisfenólafleiðu skal nota útdráttaraðferð.“

4) Í stað 11. gr. kemur eftirfarandi:

„11. gr.

Umbreytingarákvæði varðandi einnota fullunna snertihluti matvæla

1. Setja má einnota fullunna snertihluti matvæla, sem eru framleiddir með notkun bisfenóls A og eru í samræmi við reglur sem voru í gildi fyrir gildistökudag þessarar reglugerðar en eru ekki í samræmi við reglurnar í þessari reglugerð, fyrst á markað til 20. júlí 2026.

2. Þrátt fyrir 1. mgr. má setja eftirfarandi einnota fullunna snertihluti matvæla, sem eru í samræmi við reglur sem voru í gildi fyrir gildistökudag þessarar reglugerðar en eru ekki í samræmi við reglurnar í þessari reglugerð, fyrst á markað til 20. janúar 2028:

a) einnota fullunnir snertihlutir matvæla sem eru ætlaðir til að rotverja eftirfarandi matvæli:

i. ávexti eða grænmeti, að undanskildum afurðum sem eru skilgreindar í I. viðauka við tilskipun ráðsins 2001/112/EB⁽¹³⁾ eða

ii. lagarafurðir eins og þær eru skilgreindar í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 853/2004⁽¹⁴⁾,

b) einnota fullunnir snertihlutir matvæla sem lakk eða yfirborðsmeðferðarefni, sem er framleitt með notkun bisfenóls A, hefur verið borið eingöngu á ytra málmyfirborð.

3. Einnota fullunna snertihluti matvæla sem eru fyrst settir á markað í samræmi við 1. og 2. mgr. má fylla með matvælum og innsigla í 12 mánuði eftir að gildandi umbreytingartímabili lýkur. Slík matvæli í umbúðum má setja á markað þangað til birgðir eru uppnar.“

5) Í stað 3. mgr. 12. gr. kemur eftirfarandi:

„3. Margnota fullunnir snertihlutir matvæla sem voru fyrst settir á markað í samræmi við 1. mgr. mega vera áfram á markaði til 20. júlí 2027. Margnota fullunnir snertihlutir matvæla sem voru fyrst settir á markað í samræmi við 2. mgr. mega vera áfram á markaði til 20. janúar 2029.“

6) Í stað 3. liðar III. viðauka kemur eftirfarandi:

„3) auðkenni snertimilliefna matvæla eða fullunninna snertihluta matvæla,“.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 2. febrúar 2026.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.